

35. Þrjá fulltrúa í stjórn verkamannabústaða og 3 til vara.
 36. Tvo fulltrúa í almannavarnarnefnd.
 37. Þrjá fulltrúa í ferlinefnd fatlaðra.
 38. Kjörstjórn: 3 aðalmenn og 3 til vara. (Kjörstjórn við alþingiskosningar er jafnframt sé yfirkjörstjórn við bæjarstjórnarkosningar.)
 C. Í aðrar nefndir, sem stofnaðar kunna að verða.“

9. gr.

30. grein orðist svo:

„Um skipan nefnda, valdsvið þeirra og verksvið fer eftir því, sem ákveðið er í lögum eða samþykkt bæjarstjórnar. Þar sem ekki er um slíkar reglur að ræða, getur bæjarstjórn sett þær.

Ekki má framselja nefnd vald, sem bæjarstjórn er fengið að lögum.

Þegar kjörtími nefndar er óákveðinn, skal litið svo á, að umboð nefndarmanna falli niður, þegar kjörtími bæjarstjórnar er á enda.“

Samþykkt þessi sem bæjarstjórn Akureyrar hefur sett með heimild í sveitarstjórnarlögum nr. 8/1986, staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 20. júní 1986.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Pórhildur Líndal.

REGLUGERÐ

um hækkun fjárhæða (frítekjumarks) skv. 1. tl. 1. mgr. 19. gr. laga nr. 67/1971, um almannatryggingar.

1. gr.

Fjárhæðir 1. tl. 1. mgr. 19. gr. laga nr. 67/1971, með síðari breytingum, skulu vera sem hér segir frá og með 1. júlí 1986.

Fjárhæðir annarra árstekna lífeyrisþega en lífeyris almannatrygginga (og tekna barna) sem ekki skerðir rétt til uppbótar á lífeyri (tekjutryggingar):

Einstaklingar	kr.	75 840,00
Hjón	kr.	106 160,00

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 79. gr. laga nr. 67/1971 um almannatryggingar, með síðari breytingum.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 27. júní 1986.

F. h. r.

Páll Sigurðsson.

Ingibjörg R. Magnúsdóttir.